



**150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 183 — 182. mál.**

Tillaga til þingsályktunar um Akureyri sem miðstöð málefna norðurslóða á Íslandi.

Umsögn frá Háskóla Íslands

Háskóli Íslands telur ekki rétt að útnefna Akureyri sem miðstöð málefna norðurslóða á Íslandi. Fyrir því liggur eftirfarandi rökstuðningur:

- 1) Málefni norðurskautsins verða æ mikilvægari í alþjóðasamfélaginu og hagsmunir Íslands af hagfeldri þróun á svæðinu eru mjög miklir. Þar af leiðandi er mikilvægt að leggja áherslu á að landið allt tilheyrir norðurslóðum.
- 2) Þar sem Ísland á mikilla hagsmuna að gæta á norðurslóðum, hvort sem við horfum til umhverfismála, samfélagsþróunar, viðskipta eða öryggismála, skiptir öllu máli að ýta undir og efla samstarf og samskipti allra sem eiga hlut að máli, en fjölmargar stofnanir og fyrirtæki sem stunda rannsóknir á norðurslóðum eða kenna sig við norðurslóðir á einhvern hátt eru staðsett víða um landið. Þar á meðal má nefna Rannsóknasetur um norðurslóðir við Háskóla Íslands, Hringborð Norðurslóða (e. Arctic Circle), Hafrannsóknarstofnun, Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslan og MATÍS.
- 3) Við Háskóla Íslands er starfrækt Rannsóknasetur um norðurslóðir sem stendur fyrir rannsóknnum, útgáfu, opnum fundum og ráðstefnum tengt norðurslóðum, oft í samstarfi við utanríkisráðuneyti Íslands. Við Háskólann starfar einnig fjöldi fræðimanna á sviði náttúruvísinda, félagsvísinda og hugvísinda sem leggur stund á kennslu og rannsóknir á sviði norðurslóða. Þverfræðileg nálgun viðfangsefnisins er því til staðar í Háskóla Íslands, sem er forsenda þess að hægt sé að fjalla um helstu áskoranir norðurslóða á heildrænan hátt.
- 4) Háskóli Íslands fagnar því samstarfi sem hefur verið komið á á milli allra íslensku háskólanna undir formerkjum Háskóla norðurslóða (e. University of the Arctic). Allir íslensku háskólarnir hafa nú gerst aðilar að samtökunum og vinna saman að skipulagi vísindaráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík haustið 2020 í samstarfi við Arctic Circle og formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Þá situr prófessor við Háskóla Íslands í stjórn samtakanna. Telur Háskóli Íslands að hér hafi verið stigið stórt skref í átt að aukinni samvinnu í norðurslóðamálum á milli landshluta og að á því beri að byggja.

Virðingarfyllst,


Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands